

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

631. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 18. janúar 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
2. Skipan nefndar um umhverfismál.
3. Ársskýrsla Bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra 2009.
4. Ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra 2009.
5. Ársskýrsla Íþróttá- og tómstundafulltrúa Húnaþings vestra 2009.
6. Drög að þriggja ára áætlun fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki.

Afgreiðslur:

1. Ólafur H. Stefánsson, forstöðumaður tæknideildar er mættur til viðræðna við byggðarráð. Samkvæmt samþykkt frá síðasta fundi byggðarráðs lagði hann fram drög að breytingum á gjaldskrá Hitaveitu Húnaþings vestra. Um er að ræða breytingar á þeirri gjaldskrá sem sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum þann 10. desember sl. Byggðarráð samþykkir breytingarnar.
2. Fram lögð tillaga frá Heimi Ágústssyni, umhverfisstjóra og sveitarstjóra um skipan og hlutverk sérstakrar umhverfisnefndar en sveitarstjórn hafði falið þessum aðilum að leggja fram tillögu þar um. Lagt er til að skipuð verði nefnd sem skipuleggi dagskrá íbúafundar um umhverfismál sem haldinn verði í Húnaþingi vestra í vetur. Íbúafundinum er ætlað að vera vettvangur fyrir skoðanaskipti um framtíðarsýn umhverfismála í sveitarfélaginu. Umrædd nefnd mun taka saman helstu niðurstöður fundarins og beina tillögum sínum, ábendingum og athugasemdum til sveitarstjórnar og annarra aðila eftir því sem við á. Afgreiðslu tillögunnar vísað til sveitarstjórnar.
3. Til kynningar lögð fram Ársskýrsla Bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra 2009.
4. Fram lögð til kynningar Ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra 2009.
5. Fram lögð til kynningar Ársskýrsla Íþróttá- og tómstundafulltrúa Húnaþings vestra 2009.
6. Skrifstofustjóri gerði grein fyrir drögum að þriggja ára áætlun fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki, 2011, 2012 og 2013. Byggðarráð samþykkir að vísa þriggja ára áætluninni til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:05

Elín R. Líndal(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.).
Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).